



Ákvarðanir um kjarasamninga munu skipta miklu

Launahækkunir áfram stöðugar

Launavísitalan hafði í október hækkað um 7,2% frá október 2016. Hækkunartaktur launa á ársgrundvelli hefur verið nokkuð stöðugur í rúmlega 7% síðustu mánuði, en hefur lækkað töluvert frá vorinu 2016, þegar ársþækkunin náði hámarki í rúmlega 13%. Kaupmáttur launa hefur haldið áfram að aukast, þó með mun minni hraða en verið hefur. Kaupmáttur launa í október var engu að síður 5,5% meiri en var í október 2016.

Launavísitala hefur hækkað mikið á síðustu árum. Hækkunin var 5,8% árið 2014, 7,2% árið 2015 og 11,4% árið 2016 en launavísitalan árið 2017 mun slaga í 7% hækkun. Þessi ár hafa heildarráðstöfunartekjur og kaupmáttur sömuleiðis hækkað mikið vegna atvinnuaukningar og lítillar verðbólgu. Nú þegar örustu hækkunirnar virðast vera að baki er búist við því að laun hækki minna næstu ár. Kaupmáttur mun halda áfram að aukast ef laun hækka umfram verðlag eins og spáð er.


Logn á undan hugsanlegum stormi?

Frekar rólegt hefur verið í kringum Karphúsið að undanförunu. Ríkisstjórnarslit leiddu t.d. til frestunar á viðræðum ríkisins og hópa innan BHM, en kjarasamningar þessara hópa sem byggðu á gerðardómi runnu út í lok ágúst. Jafnan hefur verið talið að niðurstaða þessara viðræðna og annarra myndu hafa áhrif á endurskoðun samninga á almenna markaðnum sem fer fram í febrúar.

Niðurstaða endurskoðunar í febrúar er einn stærsti óvissuþátturinn um þróun efnahagsmála á næstu misserum. Um þá stöðu er getið sérstaklega í nýlegum stjórnarsáttmála. Að öðru jöfnu ætti stærstur hluti kjarasamninga að gilda út árið 2018 eða lengur, en meðferð uppsagnarákvæða gæti breytt þeirri stöðu.


Kjarasamningar voru framlengdir í febrúar sl. þrátt fyrir að margir teldu að fullar forsendur hefðu verið til þess að segja þeim upp, t.d. vegna ákvarðana

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Kaupmáttur launa frá 2001



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild



Kjararáðs. Segja má að samningsaðilar hafi ákveðið að bíða í eitt ár og fylgjast með þróuninni.

Forsendur samninganna um aukinn kaupmátt hafa náðst og því snýst spurningin um mögulega uppsögn í febrúar fyrst og fremst um launahækkunir annarra hópa en þeirra sem standa að samningum aðildarfélaganna ASÍ við Samtök atvinnulífsins.

Áhrif launa á verðbólgu

Þegar núgildandi kjarasamningar voru gerðir á árinu 2015 reiknuðu flestir með að áhrif mikilla launahækkana á verðbólgu yrðu veruleg. Annað hefur komið í ljós. Ýmsir samverkandi þættir, t.d. styrking krónunnar, lág verðbólga í helstu viðskiptalöndum og samkeppni hér innanlands hafa valdið því að atvinnulífið hefur tekið aukinn launakostnað á sig án þess að verð á vörum og þjónustu hafi hækkað á samsvarandi hátt. Áhrif launahækkana eru auðvitað enn til staðar og í haustkönnun Gallup töldu t.d. um 60% stjórnenda launakostnað hafa haft mest áhrif til verðhækkunar á eigin afurðum.

Framleiðni skiptir máli

Þróun framleiðni skiptir máli þegar meta þarf áhrif launa, t.d. þegar launakostnaður á framleidda einingu er reiknaður út. Þar skiptir máli hversu margar vinnustundir standa á bak við framleiðslu okkar, t.d. verga landsframleiðslu. Eins og fjallað var um í nýlegri [Hagsjá](#) bendir ýmislegt til þess að fjölgun vinnustunda sé vanmetin og þróun framleiðni ofmetin að sama skapi. Launakostnaður á framleidda einingu hefur þannig hækkað á bilinu 3-5% síðustu ár.


Launahlutfallið á leið upp á við

Hlutfall launa af þjóðarkökunni hér á landi helst gjarnan í hendur við hagsveifluna. Hlutfallið lækkaði mikið milli árunna 2007 og 2009 eftir hafa verið mjög hátt árin þar á undan. Hlutfall launa hefur farið stöðugt hækkanandi frá árinu 2009 og reiknað er með því að það verði 63,5% í ár, en það var að meðaltali 61% á 20 ára tímabili frá 1997 til 2016.


Mikilvægir tímar framundan

Eins og áður segir mun þróun mála á vinnumarkaði næstu mánuði skipta miklu máli fyrir

Launakostnaður og framleiðni



Hlutfall launa af vergum þáttatekjum





efnahagsþróun næstu missera. Það er því mikilvægt að vel takist til við lausn yfirstandandi kjaradeilna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.